

Stjórnarfundur UMSE haldinn í Búgarði fimmtudaginn 25. febrúar 2016. Fundur nr. 758. Mætt eru: Bjarnveig, Þorgerður, Einar, Guðrún, Þorsteinn. Boðuð forföll Sigurður og Sigrún.

- 1) Fundur settur.
Bjarnveig setti fund kl. 17:30.
- 2) Fundargerð síðasta fundar.
Samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
 - a) 10. feb. Badmintonsamband Íslands: Ársþing Badmintonsamband Íslands 2016.
 - i) Hefur verið sent til Umf. Samherja og til baka barst fyrirspurn um kostnaðarpátttöku.
 - b) 17. feb. Taekwondosamband Íslands: Fyrri fundarboð á Ársþing TKÍ 2016. Lagt fram til kynningar.
 - c) 17. feb. Frá nefndasviði Alþingis: Til umsagnar 328. mál frá nefndasviði Alþingis
 - i) tillaga til þingsályktunar um notkun gúmmíkurls úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum, 328. mál. Lagt fram til kynningar.
 - d) 23. feb. UMFÍ: Auglýsing um umsókn vegna Unglingalandsmót UMFÍ 2019. Lagt fram til kynningar.
- 4) Ársþing UMSE
 - a) Dagsetning.
 - i) 16. mars. Kl. 18:00.
 - b) Staðsetning.
 - i) Þelamerkurskóli.
 - c) Umsjón.
 - i) Umf. Smárinn. Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við formann Umf. Smárans varðandi það sem snýr að Umf. Smáranum í tengslum við þinghaldið.
 - d) Veitingar.
 - i) Umf. Smárinn mun væntanlega sjá um það eða hafa milligöngu um það.
 - e) Styrkumsókn vegna þingsins til Hörgársveitar.
 - i) Hefur verið send.
 - ii) Óskað var eftir styrk til að standa straum af kostnaði.
 - (1) Húsaleiga 50.000.-
 - (2) Matur 80.000.-
 - (3) Annar kostn. s.s. prentun og aðföng. 90.000.-
 - (4) Samtals: 220.000.-
 - f) Ársreikningar
 - i) UMSE. Farið yfir drög að ársreikningi. Samþykkt að leggja reikninginn fram fyrir skoðunarmenn.
 - ii) Afreksmannasjóður. Farið yfir drög að ársreikningi. Samþykkt að leggja reikninginn fram fyrir skoðunarmenn.
 - iii) Landsmótssjóður. Farið yfir drög að ársreikningi. Samþykkt að leggja reikninginn fram fyrir skoðunarmenn.
 - g) Tillögur.
 - i) Fjárhagsáætlun. Stjórn fór yfir tillögu um fjárhagsáætlun ársins 2016 og samþykkti.
 - ii) Farið var yfir aðrar tillögur og þær gerðar klárar til framlagningar á ársþingið.
 - h) Heiðursviðurkenningar.

- (1) Framkvæmdastjóri tekur að sér að fara yfir heiðursviðurkenningar og lista upp hverjir hafa fengið viðurkenningar fyrir næsta fund.
- i) Skýrsluskil
 - i) Ein skýrsla hefur borist.
 - ii) Áminning hefur verið send út. Framkvæmdastjóri sér um það.
 - 5) Samningur við Hörgársveit.
 - a) Samningurinn var undirritaður af sveitarstjórn 19. febrúar. Bjarnveig Ingvadóttir formaður undirritaði samninginn fyrir hönd UMSE. Samningurinn verður skannaður inn og sendur undirritaður til baka á sveitarstjórn. Stjórn UMSE færir Hörgársveit þakkir fyrir stuðninginn.
 - 6) Framkvæmdastjórafundur UMFÍ föstudaginn 11. mars.
 - a) Framkvæmdastjóri UMSE mun sækja fundinn.
 - 7) Formannafundur FRÍ laugardaginn 27. feb.
 - a) Þorgerður Guðmundsdóttir mun sækja fundinn fyrir hönd UMSE / frjálsíþróttanefndar.
 - 8) Fundargerð formannafundar UMSE. Frestað til næsta fundar.
 - 9) Verndum þau námskeið.
 - a) Gott samstarf við æskulýðsvettvanginn.
 - b) Þátttakendur á Hrafnagili voru skráðir 29. Almenn ánægja með námskeiðið.
 - c) Á Dalvík eru skráðir 14.
 - d) Nettó býður (bauð) þátttakendum upp á ávexti í hlé.
 - 10) Önnur mál.
 - a) Hreyfivikan 22.-29.mái
 - i) Hafa samband við öll sveitarfélögin.
 - ii) Sabína er til í að koma og kynna hjá þeim öllum. Stefnt á að nýta þetta boð og fá kynningu strax eftir páska.
 - b) Rætt um búningamál. Samþykkt að UMSE muni niðurgreiða nýja utanyfirgalla sem Toppmenn og sport ætla að selja fyrir UMSE um ca. 2.500 kr. hvern galla. Framkvæmdastjóri er í sambandi við Svein hjá Toppmönnum og sport vegna þessa. Fullorðingsgalli (micro) á að kosta ca. 13.000 kr. á fullu verði, barnagalli (micro) á að kosta ca. 11.000 kr. á fullu verði og polyester barnagalli á að kosta ca. 8.500 kr. á fullu verði. Stjórn samþykkir að niðurgreiða gallana um ca. 2.500 kr., það tilboð mun gilda til 1. júlí 2016.
 - c) Stjórn UMSE er boðuð á fund með íþrótt- og æskulýðsráði á Dalvík þriðjudaginn 1. mars kl. 17:30. Þar verður farið yfir bókun Dalvíkurbyggðar varðandi flutning skrifstofu UMSE til Dalvíkur, stjórn UMSE mun svara í samræmi við það sem fram kom á formannafundi UMSE 28. janúar síðastliðinn.
 - d) Þorgerður ætlar að skoða hvað kostar að endurnýja plastspjöld með merkjum félaganna sem notuð eru á hverju ársþingi.
 - 11) Tilhögun næsta fundar.
 - a) Næsti fundur ákveðinn í Búgarði þriðjudaginn 8. mars kl. 17:30.
 - 12) Fundarslit.
 - a) Bjarnveig sleit fundi kl. 19:25.

Einar Hafliðason, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
